

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 11. mars 2021

Mál nr. S-6883/2020:

## Ákærvaldið

(*Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

## Ágústi Guðmundssyni

(*Birkir Már Árnason lögmaður*)

## Dómur

### I.

#### Ákæra, dómkröfur, o.fl.:

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af lög-reglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 20. október 2020, á hendur Ágústi Guðmunds-syni, kt. [...], [...], [...], „fyrir líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 2019, á Ölstofu Kormáks og Skjaldar, að [...], Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], sem gegndi þar störfum dyravarðar, og bitið hann í vinstri upphandlegg með þeim afleiðingum að [...] hlaut opið sár á vinstri upphandlegg.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### Einkaréttarkrafa:

Þess er krafist að Ágúst Guðmundsson, kt. [...], greiði [...], kt. [...], kr. 600.000 auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 3. febrúar 2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru. Bótakrefjandi gerir sömu kröfu um miskabætur og vexti eins og greinir í ákæru, auk kröfu um hæfilegan í málskostnað að mati dómsins. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum

ákærvaldsins, til vara að refsing ákærða verði felld niður, en til þrautavara að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa. Í öllum tilvikum krefst ákærði þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi eða ákærði sýknaður af henni, en til vara að bóta-kröfunni verði hafnað eða hún lækkuð verulega. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda að teknu tilliti til virðisaukaskatts, sbr. tímaskýrslu.

## II.

### Málsatvik:

Meint líkamsárás átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 3. febrúar 2019 á veitingastað að [...] í Reykjavík. Ákærði var gestur á staðnum og brotaþoli vaktstjóri. Samkvæmt frumskýrslu var lögregla umrædda nótt send á staðinn þar sem dyraverðir voru með ákærða í tökum þar fyrir utan. Fengu lögreglumenn þær upplýsingar að kvartað hefði verið undan ákærða á staðnum og dyraverðir ætlað að vísa honum út. Ákærði hefði hins vegar brugðist illa við því og streist á móti svo til átaka kom. Þá hefði ákærði í átökunum meðal annars bitið brotaþola á vinstri upphandlegg. Í skýrslunni greinir meðal annars að lögreglumenn hafi séð bitáverka á vinstri upphandlegg brotaþola og tekin hafi verið ljósmynd af áverkanum. Á ljósmyndinni sést rauðleitur áverki á upphandlegg og er áverkinn skráður sem bitsár. Samkvæmt skýrslunni var ákærði mjög æstur og ölvaður þegar lögregla tók við honum frá dyravörðum. Leiddi þetta til handtöku ákærða klukkan 04:27 og var hann færður á lögreglustöð þar sem hann var vistaður í klefa fram yfir hádegi sama dag.

Ákærði gaf skýrslu eftir hádegi sama dag á lögreglustöð í tengslum við það að hann var látinn laus og greindi hann frá atvikum eins og þau horfðu við honum. Í skýrslunni kom meðal annars fram að hann væri ósáttur við afskipti dyravarða af honum um nóttina og hann brugðist illa við því. Hið sama var um starfshætti lögreglu varðandi handtöku. Þá kannaðist ákærði við að hafa *nartað rétt* í brotaþola en kvaðst nánar aðspurður ekki vilja tjá sig frekar um það.

Brotaþoli gaf kæruskýrslu 8. febrúar 2019 þar sem hann greindi frá meintu broti ákærða og öðrum atvikum eins og þau horfðu við brotaþola. Í skýrslu hans kom meðal annars fram að ákærði hefði bitið hann til blóðs í upphandlegginn þegar ákærði var í tökum dyravarða og verið var að færa hann út af staðnum.

Meðal rannsóknargagna er áverkavottorð B, sérfræðings við Landspítalann, dags. 20. desember 2019, þar sem meðal annars greinir að brotaþoli hafi leitað á bráðamóttöku aðfaranótt 3. febrúar 2019, klukkan 05:56. Brotaþoli hafi verið með grunnt blóðgað sár

og bitfar á vinstri upphandlegg, auk þess sem þroti hafi verið undir sárinu. Þá greinir í vottorðinu að framangreindur áverki hafi fengið greininguna *opið sár á efri útlím*.

Tveir dyraverðir, C og D, gáfu skýrslu við rannsókn málsins í febrúar 2020 þar sem þeir greindu nánar frá atvikum eins og þau horfðu við þeim. Í skýrslum þeirra greindu þeir meðal annars frá því að ákærði hefði verið færður með valdi út af staðnum og hann hefði í tengslum við það bitið brotaþola.

Við rannsókn málsins var lagt hald á myndupptökur úr eftirlitsmyndavélum veitingastaðarins, innan- og utandyra. Á upptöku innandyra sést meðal annars þegar ákærði er færður með valdi út af veitingastaðnum en hins vegar sést ekki greinilega hvort ákærði hafi bitið brotaþola.

### III.

#### Skýrslur fyrir dómi:

##### 1.

Ákærði bar meðal annars um að hafa verið á staðnum og fengið kvörtun um að hann hefði óþægilega nærveru gagnvart öðrum gestum. Það hefði hins vegar ekki átt við rök að styðjast. Hann hefði engu að síður fært sig á annan stað inni á staðnum og verið búinn að vera þar í um tuttugu mínútur þegar dyravörður kom og bað hann um að fara. Ákærði kvaðst ekki hafa verið sofandi. Hann hefði á þessum tíma verið búinn að drekka fimm bjóra og verið *pínulítið* ölvaður. Ákærði hefði reynt að rökræða við dyravörðinn og leita skýringa hvers vegna hann ætti að fara en án árangurs. Dyravörðurinn hefði misst þolinmæðina, rífið um axlirnar á ákærða, dregið hann upp og byrjað að ýta honum út. Ákærði hefði streist á móti. Síðan hefðu þrír dyraverðir verið komnir á hann og á leiðinni út af staðnum hefði verið haldið um báða handleggina á honum. Ákærði hefði reynt að ná athygli brotaþola en með því hefði hann verið að reyna fá þá til að sleppa honum. Í því samhengi hefði hann *rétt nartað* í brotaþola með tönnumum einhvers staðar ofarlega á handlegginn, líklega við öxlina. Hann hefði með þessu rétt snert brotaþola með tönnumum en ekki læst eða bitið tönnumum saman utan um hann.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki kannast við að hafa veitt brotaþola áverka samkvæmt ljósmynd í málsgögnum. Þá kvaðst hann ekki kannast við lýsingu í gögnum málsins um að hann hefði grúft andlitið í handlegg brotaþola og verið með fast bit á honum uns það var losað með föstu höggi. Ákærði kvaðst telja að umræddir dyraverðir hefðu átt upptökin að átökunum og hann hefði reynt að ræða við þá. Hann hefði upplifað sig frekar óttasleginn og að hann sætti óréttmætri árás af þeirra hálfu. Hann hefði verið að reyna að

verjast dyravörðunum með því að koma sér undan. Hann hefði ekki ætlað að ráðast á eða meiða neinn inni á staðnum Dyraverðirnir hefðu fært hann út og beitt hann harðræði þar til lögreglan kom. Ákærði hefði meitt sig mikið á framanverðum líkamanum, bringunni og maganum, á meðan honum var haldið á jörðinni.

## 2.

Brotapoli bar meðal annars um að hafa umrædda nótt verið við störf á veitingastaðnum sem vaktstjóri. Dyraverðirnir C og D hefðu verið að hafa afskipti af ákærða þar sem hann var inni á staðnum. Brotapoli hefði staðið á lengdar og verið tilbúinn að veita aðstoð en hann hefði ekki áður verið búinn að vera í samskiptum við ákærða. Ákærði hefði brugðist illa við afskiptum dyravarðanna. Brotapoli hefði komið til aðstoðar og gripið um ákærða og aðstoðað við að koma honum út af staðnum. Á leiðinni út, nokkrum skrefum frá útidyrhurðinni, hefði ákærði bitið brotapola í vinstri upphandlegginn. Bitið hefði verið verulega óþægilegt og brotapoli öskrað upp að ákærði væri að bíta hann. Bitið hefði ekki varað í langan tíma. Brotapoli hefði fyrst reynt að hrista hann af sér en síðan beitt handafli með krepptum hnefa í höfuð ákærða svo það losnaði um bitið. Brotapoli hefði á umræddum tíma verið klæddur í skyrtu að ofan og bitið verið utan klæða. Ákærði hefði verið færður út af staðnum og honum haldið þar til lögregla kom á staðinn um fimmtán mínútum síðar.

Umrædd valdbeiting gagnvart ákærða hefði verið samkvæmt almennu verklagi og heimildum dyravarða. Almennt væri reynt að forðast valdbeitingu og einungis gripið til hennar þegar þess væri þörf. Tilefni afskipta dyravarða af ákærða hefði verið að ákærði var sofandi inni á staðnum, auk þess sem kvartað hefði verið undan honum. Þá hefði umrædd valdbeiting komið til þegar ákærði fór að láta ófriðlega í framhaldi af því að hann vildi ekki fara út af staðnum eftir að hafa verið beðinn um það af dyravörðum. Brotapoli kvaðst síðar sömu nótt hafa leitað á bráðamóttöku. Þá hefði honum liðið illa andlega á eftir, auk þess að vera enn með lítið ör á sér eftir bitið. Þá hefði atvikið leitt til þess að hann skipti síðar um starfsvettvang.

## 3.

Vitnið C dyravörður, bar meðal annars um að hafa rætt við ákærða og reynt að fá hann til að fara af staðnum. Ákærði hefði verið drukkinn og í annarlegu ástandi. Tilefnið hefði verið tiltekna kvartanir sem bárust frá öðrum gestum vegna ákærða, auk þess sem hann hefði verið sofandi. Ákærði hefði ekki orðið við tilmælum vitnisins um að fara. Vitnið hefði í framhaldinu fengið annan dyravörð, D, til að koma og aðstoða sig að færa ákærða út. Það hefði leitt til þess að ákærði snöggreiddist og brást illa við afskiptum þeirra. Brotapoli hefði þá komið til aðstoðar. D og brotapoli hefðu krækt handleggjunum sinn

undir hvorn handlegginn á ákærða og þeir ýtt honum á undan sér með öxlunum. Á sama tíma hefði vitnið fylgt þeim eftir og haldið í bakið á ákærða og togað hann að sér. Þegar þeir hefðu verið um einn metra frá útidyrnum, innan frá, hefði ákærði komist í færi við brotþola og náð að bíta hann í upphandlegginn. Vitnið hefði heyrt brotþola öskra og kenna sér meins um að ákærði væri að bíta hann. Á sama tíma hefði ákærði grúft andlitið í handlegginn á brotþola sem hefði reynt að slíta handlegginn lausan frá ákærða. Bitið hefði varað í skamman tíma, líklega tvær eða þrjár sekúndur án þess að vitnið gæti fullyrt það nákvæmlega. Ákærði hefði verið færður út af staðnum, lagður í jörðina og honum haldið í tókum uns lögregla kom á staðinn um fimm eða tíu mínútum síðar. Vitnið kvaðst hafa séð áverka á brotþola strax á eftir fyrir utan staðinn. Um hefði verið að ræða stórt og greinilegt far eftir bit og lögreglan tekið mynd af því. Áverkinn hefði verið á sama stað og þar sem ákærði grúfði sig upp að handleggnum á brotþola, eins og áður greinir. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa séð hvort brotþoli sló ákærða til að losa um bitið en kvaðst ekki geta útilokað það.

#### 4.

Vitnið D dyravörður, bar meðal annars um að hafa verið við störf á téðum veitingastað umrædda nótt. Annar dyravörður, C, hefði óskað eftir aðstoð út af ákærða sem hefði verið sofandi og ekki orðið við beiðni um að yfirgefa staðinn. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í samskiptum við ákærða fyrr um nóttina en kvaðst vita til þess að búið hefði verið að vara hann við. Vitnið og C hefðu tekið sinn undir hvorn handarkrikann á ákærða og reist hann upp en ákærði brugðist illa við og farið að streitast á móti. Ákærði hefði verið nautsterkur og viðbrögð hans komið vitninu á óvart. Ákærði hefði verið tekinn í tók og færður með valdi út af staðnum. Vitnið hefði verið öðrum megin en brotþoli hinum megin. Þá hefði C fylgt þeim á eftir. Vitnið kvaðst hafa heyrt brotþola kalla upp að ákærði væri að bíta hann. Vitnið hefði á sama tíma séð aftan á höfuð ákærða þar sem það vísaði í átt að síðunni og handlegg brotþola. Þetta hefði verið að gerast inni á staðnum um þrjá eða fjóra metra frá útidyrnum. Þegar út var komið hefði ákærði enn verið æstur og verið með hróp af neikvæðum toga að þeim. Ákærða hefði því verið haldið uns lögreglan kom á staðinn. Vitnið kvaðst hafa séð rauð bitför á handleggnum á brotþola þegar þeir voru fyrir utan staðinn. Það hefði virst vera sár en hins vegar kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hvort blætt hefði úr því. Áverkinn hefði verið á svipuðum stað og höfuðið á ákærða vísaði áður þegar vitnið heyrði brotþola kenna sér meins vegna bits frá ákærða. Þá kvaðst vitnið hafa frétt það frá brotþola, eftir á, að hann hefði slegið ákærða einu höggi í kjálkann til að losa um bitið en vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð það gerast.

#### 5.

Vitni, lögreglumaður nr. E, staðfesti frumskýrslu og bar meðal annars um að lögregla hefði verið send í útkall að umræddum veitingastað vegna tilkynningar sem barst um mann sem hefði meðal annars bitað dyravörð. Ákærði hefði verið í tókum dyravarða þegar lögregla kom á staðinn. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í beinum samskiptum ákærða í umrætt skipti en hann hefði verið mjög ölvaður þegar hann var færður inn í lögreglu-bifreið af öðrum lögreglumönnum. Vitnið hefði á sama tíma rætt við brotþola sem hefði greint frá því að hann hefði verið bitinn af ákærða þegar verið var að vísa honum út af staðnum. Brotþoli hefði verið með sýnilegan rauðleitan áverka á vinstri upphandlegg, eins og eftir bit, og ljósmynd verið tekin af áverkanum og hún síðar verið færð inn í frumskýrslu.

6.

Vitni, lögreglumaður nr. F, bar meðal annars um að hafa verið sendur í umrætt útkall og tekið við ákærða þar sem hann var í tókum dyravarða fyrir utan staðinn. Ákærði hefði verið mjög ölvaður og æstur. Vitnið hefði reynt að róa ákærða niður inni í lögreglu-bifreiðinni en hann hefði verið ósáttur við dyraverði. Þá hefði ekki verið unnt að eiga rökrænt samtal við hann um hvað gerðist. Ljóst hefði verið að eitthvað var búit að eiga sér stað á undan og ákærði verið æstur yfir því. Hann hefði í framhaldi verið fluttur á lögreglustöð og vistaður í fangaklefa. Engir áverkar hefðu verið ákærða eða vitnið kvaðst ekki muna eftir að svo hefði verið.

7.

Vitni, lögreglumaður nr. G, kom fyrir dóminn og staðfesti að hafa farið í fyrrgreint útkall en kvaðst að öðru leyti ekki muna eftir þeim atvikum eða samskiptum við ákærða eða aðra á staðnum.

8.

Vitnið B lækni gerði meðal annars grein fyrir efni fyrrgreinds vottorðs og áverkum brotþola við komu á bráðamóttöku að morgni 3. febrúar 2019. Brotþoli hefði við lækniSSkoðun verið með blett á upphandlegg og greint frá því að hann hefði verið bitinn þegar hann var við störf umrædda nótt. Ekki hefði verið um að ræða stóran blett en hann hefði verið um 1–1,5 sentimetrar í þvermál og roði verið í kringum miðjublett sem hefði verið rauðari. Mjög rautt og dökkt hefði verið í miðjunni á blettinum eins og eftir mögulega litla blæðingu og hann verið um 2 millimetra djúpur í miðjunni. Ekki væri unnt að fullyrða hvort áverkinn væri eftir bit en það væri hins vegar mögulegt. Um væri að ræða opið sár á efri útlím eins og tekið væri fram í læknisvottorði.

#### IV.

##### **Niðurstöður:**

Ákærði neitar sök. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákæruvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Af þessu leiðir að ekki hvílir á ákæruvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis vegna hlutrænna refsileysisástaðna, þar með talið neyðarvarnar, svo leiði til sýknu, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 248/2000.

Ákærði reisir sýknukröfu sína meðal annars á því að verknaðarlýsing í ákæru sé ósönnuð, bæði hvað varðar verknaðarþætti, en einnig varðandi líkamlegar afleiðingar meintrar líkamsárásar. Ákærði hefur kannast við að hafa nartað með tönnunum ofarlega í handlegg brotaþola við öxl hans umrædda nótt og meðan honum var haldið og hann færður út af staðnum. Samrýmist þetta að nokkru framburði brotaþola um að ákærði hafi bitið hann í upphandlegginn á meðan verið var að færa hann út af staðnum. Vitnin D og C báru báðir um að hafa heyrt brotaþola í umrætt skipti öskra og kenna sér meins um að ákærði væri að bíta hann. Að auki báru þessi vitni um það að andlit ákærða hefði á sama tíma vísað eða grúft sig að öðrum upphandlegg brotaþola. Framburðir D og C voru skýrir, greinargóðir og hófstílltir. Þá er að mati dómsins ekkert sem bendir til þess að þeir hafi verið að draga taum brotaþola við skýrslugjöfina eða fegra eigin hlut í því sem gerðist. Lögreglu maður nr. E bar um að brotaþoli hefði umrædda nótt verið með áverka á vinstri upphandlegg, eins og eftir bit, og tekin hefði verið ljósmynd af áverkanum, sbr. frumskýrslu. Þá liggur fyrir að brotaþoli leitaði á bráðamóttöku síðar sömu nótt en fyrrgreindur læknir, B, bar meðal annars um að áverkinn á brotaþola, þ.e. opið sár á vinstri upphandlegg, gæti mögulega verið eftir bit. Að öllu framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að ákæruvaldinu hafi tekist lögfull sönnun fyrir því að ákærði hafi bitið brotaþola í upphandlegginn með fyrrgreindum afleiðingum, allt eins og greinir í ákæru. Þá er það mat dómsins að allt bendi til þess, eins og atvikum var háttað, að ákærði hafi haft ásetning til alls verksins, þar með talið til afleiðinganna. Saknæmisskilyrði 18. gr. almennra hegningarlaga eru því uppfyllt, eins og hér stendur á.

Ákærði reisir vörn sína meðal annars á því að hann hafi unnið verkið í neyðarvörn en um þetta ber hann sönnunarbyrðina, eins og áður greinir. Neyðarvörn er samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga lögmæt réttarvörsluathöfn einstaklings, sem felur í sér nauðsynlega beina valdbeitingu gegn manni til þess að verjast eða afstýra ólögmati árás á þann sem neyðarvörninni beitir, eða á einhvern annan mann. Samkvæmt vætti brotaþola og vitnanna C, D og lögreglumanna nr. E og F bendir allt til þess að ákærði hafi verið mjög ölvaður og æstur umrædda nótt. Brotaþoli og vitnið C báru um að ákærði hefði verið sofandi inni á veitingastaðnum, auk þess sem kvartað hefði verið undan honum af öðrum

gestum. Þá báru þeir einnig um að reynt hefði verið að ræða við ákærða og hann verið beðinn um að fara af staðnum. Hann hefði hins vegar ekki orðið við því og brugðist illa við afskiptum dyravarða. Þá bar vitnið D að nokkru leyti um hið sama. Af þessu verður ráðið að brotþoli og fyrrgreind vitni, hafi komið fram sem dyraverðir gagnvart ákærða, fyrir hönd rekstrarleyfishafa veitingastaðarins, til að halda uppi reglu á staðnum í samræmi við skyldur sem á þeim hvíldu samkvæmt 26. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg nr. 1097/2008, sbr. lög nr. 36/1988 og reglugerð nr. 1127/2007, og 22. gr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, skemmtistaði og gististaði, sbr. samnefnd lög nr. 150/2007, sbr. og 2. gr. fyrrgreindrar lögreglusamþykktar og 21. gr. áfengislaga nr. 75/1998. Verður því ekki fallist á með ákærða að um hafi verið að ræða ólögsmæta árás af þeirra hálfu í hans garð. Að mati dómsins bendir margt til þess að ákærði hafi á köflum verið vanstilltur gagnvart umræddum dyravörðum á staðnum og hann kunni að hafa verið líklegur til vandræða. Það hafi því leitt til þess að nauðsynlegt var að dyraverðir færðu hann út af staðnum í tókum. Ekkert í framburði brotþola eða fyrrgreindra vitna bendir til þess að þeir hafi farið offari gagnvart ákærða í þeim efnum. Hið sama verður ráðið af myndupptökum sem eru meðal gagna málsins. Þá liggur fyrir samkvæmt vætti brotþola, C og D, að búið var áður að reyna að fá ákærða með góðu til að fara út af staðnum en án árangurs. Ákærði hefur því ekki fært fram sönnur fyrir því að skilyrði neyðarvarnar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt svo leitt geti til sýknu. Þá verður hvorki ráðið af framburði ákærða, né heldur brotþola eða fyrrgreindra vitna, sem og áðurnefndra myndupptaka, að ákærði hafi verið svo skelfdur í umrætt skipti að 2. mgr. sömu lagagreinar geti átt við um hann og er það einnig ósannað.

Með sömu rökum og áður greinir um neyðarvörn verður ekki fallist á varnir ákærða um að 3. mgr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum geti átt við um atvik máls en af mála-tilbúnaði hans verður ráðið að á því sé byggt til stuðnings aðal-, vara- og þrautavarakröfu.

Varnir ákærða lúta einnig að því að verulegir annmarkar hafi verið á rannsókn málsins og með því hafi verið farið gegn sannleiks- og hlutlægnisreglu lögreglu. Í máli þessu liggur fyrir að lögregla kom á staðinn umrædda nótt, ræddi við brotþola og fyrrgreinda dyraverði og tók ljósmynd af áverka brotþola. Þá þurfti í framhaldi að færa ákærða á lögreglustöð þar sem hann var æstur og ölvaður. Frumskýrslan er skýr og þar er meðal annars lýst ástandi ákærða við handtöku. Fyrir liggur að síðar sama dag var tekin framburðarskýrsla af ákærða, að viðstöddum tilnefndum verjanda, þar sem ákærði gekkst að nokkru við sakarefninu. Þá verður ekki séð af þeirri skýrslu að lögregla hafi mátt ætla að brýn þörf væri á sérstaklega yfirgripsmikilli rannsókn. Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu fimm dögum eftir skýrslutöku af ákærða. Við framhaldsrannsókn var aflað myndupptaka

af umræddum veitingastað, auk læknisvottorðs. Þá voru teknar skýrslur af fyrrgreindum dyravörðum. Allt var þetta í samræmi við rannsóknir mála af þessum toga. Gagnrýni ákærða á rannsóknina um margþætt atriði sem hann telur að betur hefði mátt fara virðist fyrst hafa komið fram í greinargerð undir rekstri málsins fyrir dómi. Að öllu framan- greindu virtu verður að telja að lögreglan hafi í meginatriðum sinnt rannsóknarskyldu sinni nægjanlega svo ákæruvaldinu væri unnt að taka ákvörðun um saksókn á viðhlítandi grundvelli. Þá sætir sú ákvörðun ekki endurskoðun dómstóla. Þessu til viðbótar er ekkert í málgögnum sem bendir til þess að lögregla eða ákæruvald hafi ekki gætt að hlutlægnis- skyldu. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða og verður ekki fallist á varnir hans á þessum grundvelli.

Þessu til viðbótar verður ráðið að ákærði reisi sýknukröfu sína á því að sök hans sé fyrnd eða hún sé nánast við það að vera fyrnd. Refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum, en fangelsi allt að einu ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaverð. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 81. gr. þeirra laga fyrnist sök vegna brots á tveimur árum þegar ekki liggur þyngri refsing við því en eins árs fangelsi. Brot ákærða, sem hann er ákærður fyrir, var framið 3. febrúar 2019 og hófst fyrningarfrestur sama dag, sbr. 1. másl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Í 4. mgr. 82. gr. laganna er kveðið á um að fyrningarfrestur rofni þegar rannsókn sakamáls hefst fyrir rannsóknara gegn manni sem sakborningi. Samkvæmt 2. másl. 5. mgr. sömu laga- greinar rýfur rannsókn samkvæmt 4. mgr. ekki fyrningarfrest ef rannsóknari hættir henni eða hún stöðvast um óákveðinn tíma. Í máli þessu háttar svo til að rannsókn hófst sömu nótt og ákærði var handtekinn. Þá gaf ákærði skýrslu hjá lögreglu með réttarstöðu sak- bornings síðar sama dag og var fyrning sakar rofin við það tímamark. Frá þeim tíma lá rannsókn niðri uns ákverkavottorð barst 22. janúar 2020 og fyrrgreindir dyraverðir gáfu skýrslur vitnis í febrúar sama ár. Þá verður ráðið af gögnum að lokið hafi verið við að yfirfara myndupptökur 18. febrúar sama ár en rannsókn hafi verið lokið eftir það. Sam- kvæmt framangreindu liggur fyrir að rúmt ár leið frá því rannsókn málsins hófst og fyrning sakar var rofin uns henni lauk hjá lögreglu. Þá var ákæra gefin út 20. október 2020 og ákæra birt fyrir ákærða 25. nóvember sama ár. Að öllu framan- greindu virtu er ljóst að nokkrar tafir urðu á rannsókn og meðferð málsins hjá lögreglu og ákæruvaldi en að mati dómsins er þó ekki um að ræða slíkar tafir að unnt sé að leggja til grundvallar að rannsókn málsins hafi stöðvast um óákveðinn tíma með fyrrgreindum réttaráhrifum. Þá var ákæra gefin út og birt fyrir ákærða áður en tvö ár voru liðin frá því meint brot var framið og hafa ekki orðið sérstakar tafir á meðferð málsins fyrir dómi eftir það. Verður því ekki fallist á með ákærða að sök hans sé fyrnd.

Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og honum ákvörðuð refsing. Ákærði er fæddur í [...] og samkvæmt sakavottorði, dags. 15. október 2020, hefur hann ekki áður gerst brotlegur við refsilög. Horfir þetta til málsbóta, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Til refsipýngingar horfir að verkið beindist gegn mikilvægum verndarhagsmunum brotaþola og tjón varð af verkinu, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Að auki ber að taka tillit til þess að tafir urðu á meðferð málsins, eins og áður greinir, sem eru ákærða óviðkomandi. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjátíu daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við úrlausn á kröfu um miskabætur ber að líta til þess að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögætum og saknæmum hætti bakað sér skaðabótaábyrgð. Brotapoli á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. síðari breytingar. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær rök fyrir hinu gagnstæða. Minni háttar líkamstjón varð af verkinu en hins vegar verður að líta til þess að alkunna er að smithætta getur orðið samhliða biti og þar með óvissa með tilheyrandi óþægindum og röskun fyrir þann sem fyrir því verður. Miskabætur verða eins og hér stendur á ákveðnar að álitum og með hliðsjón af dómvenju, 200.000 krónur, og verður ákærða gert að greiða brotaþola þá fjárhæð með vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við 3. janúar 2021 en þá var liðinn mánuður frá því ákærða var sannanlega kynnt bótakrafan við þingfestingu málsins. Brotapoli á tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærða vegna bótakröfunnar, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 180.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og verður ákærða gert að greiða bótakrefjanda þá fjárhæð.

Í ljósi fyrrgreindra úrslita verður allur sakarkostnaður vegna meðferðar málsins felldur á ákærða, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Birkis Más Árnasonar lögmanns, vegna málsvarnar fyrir dómi, sem ráðast að mestu af tímaskýrslu, 1.200.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti og þóknun tilnefnds verjanda ákærða á rannsóknarstigi málsins, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 90.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði 43.362 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kristmundur Stefán Einarsson aðstoðarsaksóknari. Af hálfu bótakrefjanda flutti málið Grímur Már Þórólfsson lögmaður. Daði Kristjánsson

héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. janúar 2021 en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Ágúst Guðmundsson, sæti fangelsi í þrjátíu daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá deginum í dag að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 200.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur frá 3. febrúar 2019 til 3. janúar 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, auk 180.000 króna í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins til ríkissjóðs, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Birkis Mús Árnasonar lögmanns, 1.200.000 krónur, þóknun tilnefnds verjanda á rannsóknarstigi, Einars Odds Sigurðssonar lögmanns, 90.000 krónur, og 43.362 krónur í annan sakarkostnað.

Daði Kristjánsson